

# Fundargerð 58. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 8. maí kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Breyting á reglugerð um veiðar á grásleppu 2020 - 2005001SU

Sjávarútvegsráðherra undirritaði reglugerð um stöðvun veiða á grásleppu þann 30.04.2020. Ástæðan sem gefin er upp er að fyrirséð sé að veiðarnar nálgist ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um heildarafla ársins. Með reglugerðinni eru grásleppuveiðar bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3.maí. Heimilt verði þó að gefa út leyfi til veiða á Breiðafirði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Samkvæmt reglugerð nr. 407/2020 um bann við hrognkelsaveiðum árið 2020 sem gefin var út 30. apríl sl. voru grásleppuveiðar bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3. maí sl. Ákvörðunin var tekin til samræmis við ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar. Ljóst er að þessi ákvörðun hefur mikil áhrif, einkum á byggðarlög á vestanverðu landinu, þar sem útgerðum hefur víða ekki tekist að nýta nema lítinn hluta veiðidaga. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vill af þessu tilefni áréttta mikilvægi þess að stjórnvöld byggji ákvarðanir sínar á skýrum almennum forsendum. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að leitast sé við að tryggja fyrirsjáanleika í sjávarútvegi þar sem því verður viðkomið og skapa þannig betri forsendur fyrir langtímaáætlanir og fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja. Grásleppuveiðar eru að mestu stundaðar frá minni sjávarbyggðum, sem margar hverjar eiga nú þegar undir högg að sækja.

Af þeim sökum er brýnt að ákvarðanir séu sem mest teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila og með nægum fyrirvara og forðast þannig að rekstarhæfi lítilla útgerða sé stefnt í voða.

Fundi var slitið kl. 09:30

---

Gauti Jóhannesson

---

Baldur Smári Einarsson

---

Rebekka Hilmarisdóttir

---

Fannar Jónasson

---

Liv Aase Skarstad